

BORGARRÁÐ 19. júlí 2018: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um viðræður um fjölgun rafhleðslustöðva - R18070146

Rafhleðslustöðvar í miðbænum hafa verið til mikilla bóta. Æskilegt er að þeim verði fjölgað víðar í borginni svo allir borgarbúar, óháð búsetu og búsetukostum, hafi aðgang að slíkum hleðslustöðvum. Það er mikilvægt að skapa jákvæða hvata og auðvelda aðgengi að umhverfisvænum orkugjöfum. Við ákvörðun um staðsetningu hleðslustöðva skal tekið tillit til þess hvernig þær falla inn í borgarmyndina. Því er lagt til að rætt verði við Orkuveitu Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagssvið um að mótuð verði stefna um fjölgun rafhleðslustöðva og nánari staðsetningu þeirra.